

## Umsögn

- Efni:** Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta).
- Viðtakandi:** Borgarráð
- Sendandi:** Fjármálastjóri

Fyrir efnahags- og viðskiptanefnd alþingis liggur frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta). Skrifstofa borgarstjórnar hefur óskað eftir að Fjármálaskrifstofa veiti umsögn um frumvarpið.

Í þessu minnisblaði er gerð grein fyrir mati á fjárhagslegum áhrifum áformaðrar lagabreytinga á A-hluta borgarsjóðs Reykjavíkurborgar vegna breytinga á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Fyrirhugaðar breytingar fela í sér hækkun neðra skattþrepsins úr 7% í 12% og lækkun efra skattþrepsins úr 25,5% í 24%. Ennfremur fellur út bráðabirgðaákvæði nr. XV, nánar tiltekið þriðja málsgrein er varðar 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við uppbyggingu, endurbætur eða viðhald fasteigna sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga.

Breytt prósentustig virðisaukaskatts:

Mat á fjárhagslegum áhrifum vegna breytinga á skattprósentum virðisaukaskatts eru miðuð við greiningu á raunútgjöldum A-hluta árið 2013 og felur í sér að gert er ráð fyrir óbreyttri kauphegðun og magni. Auk þess er gert ráð fyrir að breytingar skili sér að fullu í verðskrá verslana og heildsala. Miðað við forsendur munu útgjöld borgarinnar vegna vörukaupa í neðra skattþrepinu hækka um 4,7% eða 91 mkr á verðlagi 2013, þar af mun matvælakostnaður aukast um 70 mkr á verðlagi 2013. Mikilvægt er að taka fram að um 88% útgjalda Reykjavíkurborgar vegna matvælaaupa fellur til hjá mötuneytum borgarinnar.

Lækkun á efra virðisaukaskattþrepi um 1,5 prósentustig mun lækka útgjöld borgarinnar um 1,2% eða um rúmlega 40 mkr.

Þannig má ætla að heildarútgjöld borgarsjóðs (A-hluta) vegna vörukaupa aukist um 1% eða um 50 mkr á verðlagi 2013 verði frumvarpið í breytti mynd að lögum.

Brottfall bráðabirgðarákvæðis nr. XV:

Bráðabirgðarákvæði í virðisaukaskattslögum um fulla endurgreiðslu virðisaukaskatts af útgjöldum vegna vinnu manna á byggingastað hefur verið í gildi frá árinu 2009 en verður ekki endurnýjað um næstu áramót. Áætluð útgjöld borgarsjóðs (A-hluta) vegna fjárfestinga 2015 gætu aukist um 220 mkr



ef gert er ráð fyrir 8,6 makr í fjárfestingar og þegar litið er til fjárfestinga ársins 2013 og endurgreiðslna vegna bráðabirgðaákvæðis nr. XV. Fjárfestingar borgarsjóðs (A-hluta) yfir gildistíma ákvæðisins frá 2009-2014 námu um 39 makr.

Brottfall vörugjalds:

Erfitt er að áætla áhrif þess að vörugjald verði fellt niður en innkaup borgarsjóðs af vörum sem hafa borið þennan skatt eru lítil og áhrifin talin óveruleg.

*Birgir Björn Sigurjónsson,*  
fjármálastjóri